

Stjórn Kvískerjasjóðs, kt. 630403-2860, og Sveitarfélagið Hornafjörður, kt. 590169-4639, gera með sér eftirfarandi

VILJAYFIRLÝSINGU

um yfirfærslu eigna Kvískerjasjóðs til skráningar og miðlunar á ævistarfi og arfleifð systkinanna á Kvískerjum

1. gr.

Aðilar eru sammála um mikilvægi þess að tryggja að hið merka ævistarf og framlag systkinanna á Kvískerjum til þekkingarsköpunar verði áfram haft í heiðri.

Sameiginlegur ásetningur aðilanna er að leggja Kvískerjasjóð formlega niður og ráðstafa fjármunum hans að loknu uppgjöri til þess lögaðila sem ber rekstrarlega ábyrgð á Menningarmiðstöð Hornafjarðar, til afmarkaðra verkefna með það að meginmarkmiði að kynna og heiðra hið merka lífsstarf og arfleifð systkinanna á Kvískerjum sem eru nú öll fallin frá.

2. gr.

Kvískerjasjóður var stofnaður 15. janúar 2003 af umhverfisráðuneytinu. Hlutverk sjóðsins er samkvæmt skipulagsskrá að stuðla að og styrkja rannsóknir á náttúru og sögu, þ.m.t. menningarminjum, í Austur-Skaftafellssýslu.

Ýmsar almennar forsendur hafa breyst frá árinu 2003, svo sem varðandi umgjörð vísindasjóða.

Eftir fráfall systkinanna liggur nú fyrir mikið af gripum og frumgögnum sem tengjast þeirra rannsóknum, athugunum og handverki.

3. gr.

Stefnt er að því að við slit Kvískerjasjóðs verði eftirstöðvum fjármuna sjóðsins, að loknu uppgjöri, ráðstafað til Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar í gegnum Sveitarfélagið Hornafjörð. Með því verði tryggt að markmiðum sjóðsins verði framvegis fylgt eftir í varanlegum farvegi hjá Menningarmiðstöð Hornafjarðar. Í því felst stuðningur við rannsóknir á náttúru, sögu og menningarminjum í Austur-Skaftafellssýslu, með sérstakri áherslu á rannsóknir sem tengjast störfum og áhugasviðum systkinanna á Kvískerjum og hafa skýra tengingu við héraðið, auk skráningar, varðveislu, fræðslu og miðlunar gagna og heimilda sem varða lífsstarf, rannsóknir, athuganir og arfleifð systkinanna.

4. gr.

Aðilar eru jafnframt sammála um að endanlegt ákvörðunarvald um varðveislu, forvörslu, skráningu, fræðslu og miðlun, svo sem með sýningu eða annarri viðeigandi framsetningu á arfleifð systkinanna, og aðra ráðstöfun gagna og gripa verði hjá Menningarmiðstöð Hornafjarðar.

5. gr.

Lagt er upp með að vörsluaðili sjóðsins, umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, geri tillögu að umgjörð og verklagi varðandi ráðstöfun fjármuna sjóðsins að loknu uppgjöri, sem styður markmið um náttúrurannsóknir í Austur-Skaftafellssýslu, tryggir vísindaleg gæði og að fjármagn nýtist sem best. Útfærð tillaga að yfirfærslu sjóðsins til Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar í gegnum Sveitarfélagið

Hornafjörð liggi þannig fyrir haustið 2026 og verði hún unnin í samvinnu við stjórn Kvískerjasjóðs og Sveitarfélagið Hornafjörð. Slík ráðstöfun verði síðan hluti af samningnum við sveitarfélagið.

6. gr.

Stefnt er að því að niðurlagning sjóðsins og yfirfærsla eigna hans fari fram eins fljótt og unnt er og eftir því sem kostur er fyrir lok árs 2026. Tímaáætlun framkvæmdarinnar er þó háð þeim skilyrðum og málsmeðferðarreglum sem leiða af lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og reglugerð nr. 140/2008, með síðari breytingum. Viljayfirlýsing þessi og hin fyrirhugaða niðurlagning og yfirfærsla er háð eftirfarandi fyrirvörum og skilyrðum:

- 1) Að stjórn Kvískerjasjóðs sé fullskipuð þegar formleg ákvörðun um slit og ráðstöfun er tekin og að sú ákvörðun sé einróma, sbr. 7. gr. skipulagsskrár sjóðsins.
- 2) Að tillaga stjórnar liggi fyrir varðandi endanlega ráðstöfun á átaksfjármagni sem sjóðnum var veitt á árinu 2024 og að afgangið og framkvæmd þess verði hluti af samningi við Sveitarfélagið Hornafjörð.
- 3) Að vörsluaðili sjóðsins, umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, samþykki ráðstöfunina.
- 4) Að embætti sýslumanns á Vestfjörðum staðfesti niðurlagningu sjóðsins og breytingu á eða túlkun á ráðstöfunarákvæði skipulagsskrár við slit, í samræmi við lög nr. 19/1998.
- 5) Að Sveitarfélagið Hornafjörður samþykki formlega yfirfærsluna og það sem í henni felst.
- 6) Að umsögn Ríkisendurskoðunar um niðurlagningu sjóðsins liggi fyrir, sbr. 3. mgr. 6. gr. 1. nr. 19/1988.

7. gr.

Viljayfirlýsing þessi lýsir einungis ásetningi aðilanna um að vinna að ofangreindum markmiðum og er ekki lögformlega bindandi um yfirfærsluna. Endanleg réttindi og skyldur munu ráðast af staðfestingu embættis sýslumanns á slitum Kvískerjasjóðs og formlegum samningi.

Höfn á Hornafirði, 13. ágúst 2026.



Árni M. Mathiesen,
formaður stjórnar Kvískerjasjóðs



Jóhann Páll Jóhannsson,
umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra



Hjalti Þór Vignisson,
bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar



Logi Einarsson,
menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra